

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2005-2025.

Samkvæmt 19. gr., sbr. 61. gr., skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur utanríkisráðherra þann 9. júní 2008, staðfest breytingu á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2005-2025, sem upphaflega var staðfest 24. febrúar 2006.

Skipulagsbreytingin felst í því að hluta varnarsvæðisins er breytt í borgaraleg not, sbr. auglýsingu nr. 38/2007 um að hluti varnarsvæðisins á Keflavíkurflugvelli skuli tekinn í borgaraleg not og varðar skipulagsbreytingin niðurfellingu á varnarsvæði í Sveitarfélaginu Garði.

Skipulagssvæðið afmarkast af sjónum að austanverðu og fyrrum mörkum varnarsvæðis að norðan- og sunnanverðu og bæjarmörkum sveitarfélagsins Garðs að vestanverðu. Samkvæmt skipulagsbreytingunni er verið að minnka skipulagssvæði aðalskipulags Keflavíkurflugvallar, þannig að svæði sem áður var skilgreint sem óbyggt samkvæmt skilgreiningu aðalskipulagsins, breytist í óbyggt svæði og iðnaðarsvæði samkvæmt aðalskipulagi Sveitarfélagsins Garðs.

Tiltekin svæði, þ.e. öryggissvæði (B), verða þó áfram hluti af aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2005-2025. Öryggissvæðin eru: eldsneytisbirgðastöð norðan Helguvíkur, olúbryggja við Helguvíkurhöfn og eldsneytislögn milli olúbryggju og eldsneytisbirgðastöðvarinnar og Keflavíkurflugvallar.

Breyting á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2005-2025, hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um og samþykki skipulagsyfirvalda á Keflavíkurflugvelli. Skipulagsstofnun hefur afgreitt aðalskipulagsbreytinguna til staðfestingar utanríkisráðherra.

Aðalskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 9. júní 2008.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

Grétar Már Sigurðsson.